

**STARFSSKÝRSLA 2010**  
**SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR**  
**TIL UMHVERFISRÁÐHERRA**

Maí 2010



Í Klakkeyjum

Mynd: Pálmi Freyr Sigurgeirsson



**BREIÐAFJARÐARNEFND**

Forsíðumynd:

Í Klakkeyjum. Mynd tekin af Litlaklakki (54 mys) og horft fram á Galtardal á Fellsströnd. Fremst er Bæjarey, þá Stekkjarey, Purkey, Skáley og Dagverðarnes. Fjöllin eru frá vinstri talin Ormsstaða- og Kjallaksstaðafjall, Kollfjall handan Örskotsteigadals, Þverfjall fyrir botni Galtardals, Tungumúli og Ytrafellsmúli.“

## Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Þegar lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tóku gildi 1. janúar 2003, breyttust lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók við stjórnsýsluverkefnum Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna.

## Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hfnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

## Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 17. júlí 2008.

Snemma á árinu 2009 hætti Róbert A. Stefánsson, varamaður Þorleifs, og við tók Trausti Baldursson.

Eftirfarandi fulltrúar sitja í Breiðafjarðarnefnd:

- Kolbrún Reynisdóttir kennari, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Úlfar B. Thoroddsen, framkvæmdastjóri.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes G. Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Halla S. Steinólfssdóttir, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Trausti Baldursson, líffræðingur.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar er Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

## Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt átta nefndarfundi á árinu 2010 og voru sjö þeirra haldnir í Stykkishólmi en 116. fundur og jafnframt síðasti fundur ársins var haldinn 9. desember í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu þær Kolbrún Reynisdóttir, formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður með umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur og afhentu ráðherra starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2009 . Fundurinn var haldinn í Umhverfisráðuneytinu þann 14. maí 2010.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I.](#)

## Kostnaður við störf nefndarinnar


Á fjárlögum ársins 2010 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 7,9 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, og er það lækkun á fjárlögum milli ára í fyrsta skipti síðan að Breiðafjarðarnefnd byrjaði að fá fjárframlög frá ríkinu árið 1996. Árið 2009 hafði nefndin 8,4 millj. kr. á fjárlögum.

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2010 all hár, en bú-setudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður.

### Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2010

Fjárhheimild ársins 2010	7.900.000	
<b><i>Samstarfssamningar:</i></b>		
Styrkur til Framfarafélags Flateyjar vegna eyjaþings		50.000
Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráninga		1.000.000
<b><i>Kostnaður vegna funda:</i></b>		
Nefndarlaun vegna ársins 2009		1.278.761
Akstur, flug, bílaleigubílar og dagpeningar		1.795.327
Annar kostnaður vegna funda		186.460
<b><i>Kostnaður við gerð Breiðafjarðarskiltis</i></b>		
Hönnun, framleiðsla og uppsetning		1.173.249
<b><i>Kostnaður vegna vettvangsferðar:</i></b>		
Bátar, veitingar og leiðsögn		499.800
<b><i>Rekstur skrifstofu:</i></b>		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		1.797.079
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta (vistun heimasíðu)		25.011
Símagjöld og afnotagjöld af línum		4.286
Vextir, bætur, skattar		12.757
<b><i>Annar kostnaður:</i></b>		
Prentun á starfsskýrslu		4.016
Ýmis kostnaður		10.050
	<b>Alls</b>	<b>7.900.000</b>
		<b>7.836.796</b>
	<b><i>Rekstrarafgangur</i></b>	<b>63.204</b>
	<b><u>7.900.000</u></b>	<b><u>7.900.000</u></b>

Á árunum 2003 til 2009 hækkaði fjárheimild Breiðafjarðarnefndar örlítið frá ári til árs en lækkaði síðan 2010. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr., árið 2007 7,8 millj. kr., árið 2008 8,1 milj. kr. og árið 2009 var hún 8,4 milj. kr. Fjárheimild nefndarinnar árið 2010 lækkaði hins vegar og var 7,9 milj. kr. eins og fyrr segir. Ef fjárheimildir nefndarinnar hefðu fylgt launavísitölu frá 2003 hefði fjárheimild ársins 2010 verið 10,5 milljónir króna



## **Starfsemi á árinu 2010**

### **Verndaráætlun**

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Ekki tókst að ljúka vinnu við endurskoðun verndaráætlunar á árinu.


### **Helstu verkefni**

Á árinu 2010 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Vinna við gerð upplýsingaskilta við ferjuhafnir á Breiðafirði var þar fyrirferðarmest. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I.](#). Nokkrar afgreiðslur eru talðar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II.](#).

- Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði
- Örnefnaskráning í Dalabyggð

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Breiðafjarðarnefnd hélt áfram vinnu við gerð upplýsingaskiltis um verndarsvæði Breiðafjarðar, svo sem öflun heimilda, mynda og textagerð. Óskað var leyfis viðkomandi sveitarfélaga til að setja skiltin upp við ferjuhafnirnar í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk. Leyfi fékkst fyrir uppsetningu í Flatey og á Brjánslæk en Stykkishólmsbær vildi samræma útlit skiltisins við önnur skilti á hafnarsvæðinu. Skiltin voru unnin í samstarfi við Vegagerðina. Á þeim er kort af Breiðafirði sem sýnir mörk verndarsvæðisins og upplýsingar um náttúrufar, sögu og menningu svæðisins. Fyrirtækið Teikn á lofti sá um hönnun og útlit skiltisins en kortagerð annaðist Sigurgeir Skúlason.



Mynd: Upplýsingaskilti Breiðafjarðarnefndar

## Örnefna- og fornleifaskráning

Á árinu 2009 var að frumkvæði Breiðafjarðarnefndar gerður samstarfssamningur við Dalabyggð um framlag nefndarinnar vegna verkefnis við örnefna- og fornleifaskráningu á jörðum við Breiðafjörð í sveitarfélagit. Samningurinn er til staðfestingar á samkomulagi aðila um átaksverkefni til varðveislu menningarminja við Breiðafjörð. Um er að ræða sérstakt átaksverkefni sem byggir á samningi Dalabyggðar og Vinnumálastofnunar samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 12/2009. Dalabyggð réð Óskar Leif Arnarson, fornleifafræðing til verksins.

Í desember 2009 gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrustofu Vestfjarða um að taka við verkefninu og komst á góðan rekspöl á árinu 2010. Samningurinn var endurnýjaður í árslok 2010. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að haldið verði áfram vinnu við verkefnið.

## Vettvangsferð um suðureyjar Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Stykkishólmshöfn þann 9. júlí 2010. Sigt var í átt að Helgafellseyjum og gengið í land í Skákarey. Þar tóku á móti hópnum hjónin, Einar Karlsson, Pálína Þorvarðardóttir og Olga dóttir þeirra. Einar sagði frá staðháttum og umhverfi Skákareyjar. Að því loknu buðu gestgjafarnir upp á veitingar. Frá Skákarey var lónað yfir Breiðasund og Helgafellseyjar, Seley og Fagurey skoðaðar frá sjó. Næst var gengið í land við Brandstanga í Hrappsey þar sem Bogi Jónsson tók á móti hópnum. Bogi lýsti staðháttum og bauð gestum upp á veitingar.

Frá Hrappsey var lónað yfir Selasund og áfram með löndum í Purkey. Eftir að hafa skoðað stuðlabergið í Purkey var haldið áfram upp í Dímonasund og sigt inn með Klakkeyjum. Hluti hópsins fór í land í Klakkeyjum og gekk upp á topp annars Klakksins.

Frá Klakkeyjum var sigt norður að Fremri Langey og farið þar í land. Þar tóku á móti hópnum hjónin Eggert Kjartansson og Hólmfríður Gísladóttir. Vel var tekið á móti gestum og Eggert sagði frá staðháttum.

Frá Fremri Langey var sigt í blíðskaparveðri framhjá Arney og Bíldsey og fyrir Arneyjarsund og í átt að Stykkishólmi.

Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Péturs Ágústssonar frá Sæferðum. Skipstjóri í ferðinni var Tryggvi Gunnarsson og farkosturinn Siggi Þórðar GK 197.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Torfi Hjartarson, Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða.

## Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is), en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

## Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

## Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni fjórir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 10-23.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 24-27.

Viðauki – III: Skýrslur og bæklingar, bls. 28.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2010 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í maí 2011  
f.h. Breiðafjarðarnefndar

Kolbrún Reynisdóttir  
Kolbrún Reynisdóttir  
formaður

## **Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2010**

### **109. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. janúar 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Í upphafi fundar var Friðjóns Þórðarsonar, fyrrum formanns Breiðafjarðarnefndar minnst, en hann lést 14. desember 2009.

### **Fundargerð 108. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Fjármál nefndarinnar árið 2009**

Farið var yfir ársuppgjör og fundareiningar nefndarmanna.

### **Umhverfisvottun Íslands**

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki við Breiðafjörð afli sér umhverfisvottunar og bendir í því sambandi á skýrsluna *Umhverfisvottað Ísland* sem gefin var út af Náttúrustofu Vesturlands í október 2009.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Lokayfirferð á texta og myndum.

#### **Afgreiðsla:**

Textinn og myndirnar verða sendar til Halldórs hjá Teikn á lofti. Textinn verður einnig sendur til þýðingar á ensku.

### **Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009**

Drög skýrslunnar voru lögð fram til kynningar.

#### **Afgreiðsla:**

Skýrslan verður unnin nánar fyrir næsta fund.

### **Önnur mál**

### **Örnefnaskráningar**

Kolbrún sagði frá þeim fundi sem hún, Guðríður og Þórólfur áttu með Guðrúnu Gísladóttur vegna örnefnaskráninga.

**Fundi var slitið kl. 16:10 Næsti fundur verður haldinn 10. febrúar 2010.**

## **110. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. febrúar 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 109. fundar**

*Afgreiðsla:* Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Fjármál nefndarinnar árið 2009**

Farið var ítarlega yfir ársuppgjör 2009.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Textinn hefur verið þýddur á ensku. Farið var yfir enska textann og kom í ljós að lagfæra þarf nokkur atriði í textanum. Textinn verður sendur aftur til lagfæringar. Tvær myndir sem höfðu verið valdar á skiltið, voru ekki til í nægilegri góðri upplausn. Leitað verður að tveimur nýjum myndum.

### **Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009**

Farið var yfir drög að starfsskýrslu nefndarinnar. Starfsskýrslan á að vera fullklár fyrir næsta fund.

### **Önnur mál**

### **Samningur við Náttúrustofu Vestjarða vegna örnefna- og fornminjaskráningar í Dalabyggð**

Á síðasta ári gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrustofa Vestfjarða um áframhaldandi vinnu við skráningu örnefna og forninja í Dalabyggð sem liggja að verndarsvæði Breiðafjarðar. Þorleifur Eiríksson forstöðumaður NV fór yfir undirbúning verkefnisins.

**Fundi var slitið kl. 16:00. Næsti fundur verður haldinn 10. mars 2010.**

## **111. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. mars 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Agnes Stefánsdóttir, varamaður Magnúsar A. Sigurðssonar.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 109. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Breyting á aðalskipulagi í Bjarkalundi og Flatey**

Gerð er tillaga að breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna nýs íbúðarsvæðis í Bjarkalundi og smábátahafnar við Innstapoll við Hólsbúðarvog í Flatey í Breiðafirði ásamt aðkomuvegi. Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna þessara breytinga.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd bendir á að Bjarkalundur er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og gerir því ekki athugasemdir við tillögu á breytingu á aðalskipulagi í Bjarkalundi.

Vegna breytinga á hafnarsvæði við Flatey vísast til umsagnar nefndarinnar frá 16. október 2009 varðandi umræddar framkvæmdir.

#### **Umsögn um byggingarleyfi í Garpsdalsey**

Nefndinni barst erindi frá byggingarfulltrúa Dala- og Austur-Barðastrandasýlu um byggingu 25 m<sup>2</sup> húss í Garpsdalsey.

Breiðafjarðarnefnd hefur sett sér vinnureglur um sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar sem eru aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um menningarminjar, gróðurfar og dýralíf í eyjunni. Að mati nefndarinnar fellur umrædd bygging ekki vel að umhverfi sínu, hvorki í útlitslegu né sögulegu tilliti. Þá vísar nefndin til umsagnar sinnar frá 9. ágúst 2004, um byggingu neyðarskýlis á sama stað og sjónarmiða þar að lútandi.

**Afgreiðsla:**

Samkvæmt vinnureglum Breiðafjarðarnefndar getur nefndin ekki fallist á framanskráða umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey.

#### **Umsögn vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingaráækt**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sendir Breiðafjarðarnefnd til umsagnar umsókn um starfsleyfi svo og drög að starfsleyfi ásamt greinargerð fyrir kræklingaeldi í Breiðafirði.

Að mati Breiðafjarðarnefndar er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að leyfi landeigenda aðliggjandi jarða við umrætt svæði liggi fyrir áður en lengra er haldið, en svo er að sjá að hið skyggða svæði sé innan netlaga margra jarða. Ekki kemur fram hvort á svæðinu séu friðlýst æðarvörp eða arnarsetur eða hvernig fyrirhugaðar lagnir

liggja við siglingaleiðum, sem einnig er eðlilegt að ganga úr skugga um áður en til álita kemur að veita starfsleyfi.

Í umsókninni eru almennar lýsingar á hugsanlegum áhrifum kræklingaeldis á umhverfið. Gera verður þá kröfu að spáð verði fyrir um hugsanleg áhrif kræklingaeldis á þessu tiltekna svæði miðað við áætlað framleiðslumagn. Einnig þarf að lýsa umhverfinu og ákveða viðmiðunarstöðvar sýnatöku vegna vöktunar.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur ekki unnt að taka afstöðu til starfsleyfisins fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir athugasemdir frá Fanneyju Ingvadóttur hjá Teikn á lofti við upplýsingaskiltið.

Vinna við skiltið er á lokastigi.

Sendar verða út umsóknir til viðkomandi sveitarfélaga varðandi uppsetningu á skilti.

#### **Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009**

Starfsskýrslan er nánast tilbúin, gerðar verða örlitlar lagfæringar á texta og uppsetningu sýrslunnar. Skýrslan verður send til nefndarmanna um leið og hún telst fullunnin.

#### **Önnur mál**

Guðríður Þorvarðardóttir sagði frá nýstofnuðum starfshópi, skipuðum af umhverfisráðherra, um úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar.

#### **Vettvangsferð 2010**

Rætt var um að hafa vettvangsferðina í byrjun júlí og fara um suðureyjar Breiðafjarðar.

Ásgeiri Gunnari og Kolbrúnu var falið að sjá um skipulag ferðarinnar.

**Fundi var slitið kl. 15:00. Næsti fundur verður haldinn 20. apríl 2010.**

## **112. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. apríl 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 110. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey**

Eigendur Garpsdalseyjar óska eftir því að Breiðafjarðarnefnd endurskoði álit sitt á umsókn um byggingu húss í eyjunni.

**Afgreiðsla:**

Vegna viðkvæms dýralífs í eyjunni telur nefndin að bygging neyðarskýlis í stað sumarhúss þjóni þeim tilgangi sem nauðsynlegur er vegna nytja eyjarinnar.

**Viðbótarupplýsingar vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingaráækt í mynni Hvammsfjarðar**

Farið yfir innsendar viðbótarupplýsingar frá Íslenskri gæða bláskel.

**Afgreiðsla:**

Erindið var lagt fram og rætt.

#### **Umsókn vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á sumarhúsi í Rauðseyjum.

#### **Umsögn vegna deiliskipulags í Flatey**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á deiliskipulagstillögu að smábátahöfn við Innstapol í Flatey á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðanefnd gerir ekki athugasemdir við framlagða deiliskipulagstillögu við Innstapol í Flatey, sbr. fyrri umsagnir.

## **Önnur mál**

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Bréf Stykkishólmsbæjar varðandi umsókn um uppsetningu hafnarskiltis var lagt fram til kynningar.

**Fundi var slitið kl. 13:20. Næsti fundur verður haldinn 18. maí 2010.**

### **113. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. maí 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Þorleifur Eiríksson forfölluðust.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 112. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir svarbréf sveitarfélaga vegna umsókna um uppsetningu á upplýsingaskiltum sem fyrirhugað er að setja upp við hafnir í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk.

#### **Afgreiðsla:**

Vesturbýggð og Reykhólahreppur hafa gefið jákvætt svar og bent á hugsanlega staðsetningu skiltanna. Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar telur skiltið líta vel út en ekki samræmast í heildarútliti þeiri stefnu sem hafnarstjórn hefur sett sér í últli skilta við höfnina. Kolbrún mun leita leiða hjá hafnarstjórn og Vegagerðinni um úrlausn þessa máls.

### **Vettvangsferð um suðureyjar Breiðafjarðar**

Þann 9. júlí nk. ætlar Breiðafjarðarnefnd að fara í vettvangsferð um suðureyjar Breiðafjarðar. Farið var yfir ferðatilhögunina. Ákveðið var að bjóða Svandísí Svavarsdóttur, umhverfisráðherra með í ferðina. Einnig á að bjóða Margréti Hallmundsdóttur, Árna Björnssyni og Sverri Jakobssyni.

### **Viðbótarupplýsingar vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingaráækt í mynni Hvammsfjarðar**

Lögð var fram umsögn sem nefndin afgreiddi milli funda vegna viðbótarupplýsinga frá Íslenskri gæða bláskel varðandi starfsleyfi. Beiðni um umsögn var send frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

### **Önnur mál**

#### **Starfsskýrsla 2009**

Kolbrún sagði frá fundi sem hún og Guðríður áttu með Svandísí Svavarsdóttur, umhverfisráðherra þann 14. maí sl., þar sem þær afhentu ráðherra starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar síðastliðins árs.

### **Vegagerð við Breiðafjörð**

Þórólfur sagði frá fjölmennum fundi sem haldinn var á Patreksfirði 11. maí sl. um vegamál í Gufudalssveit. Á fundinum voru samgönguráðherra, vegamálastjóri, fulltrúar sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum og fleiri. Samdóma álit fundarmanna var að vegurinn skyldi lagður samkvæmt svokallaðri leið B út Hallsteinsnes yfir Djúpafjörð um Grónes yfir Gufufjörð og vestur á Melanes eins og nýstaðfest aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp gerir ráð fyrir.

**Fundi var slitið kl. 12:30.**

#### **114. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. september 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 113. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um suðureyjar Breiðafjarðar 9. júlí 2010.**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson. Magnús A. Sigurðsson komst ekki en Agnes Stefánsdóttir varamaður Magnúsar mætti og Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Stykkishólmshöfn kl. 09.20. Sigt var í átt að Helgafellseyjum og gengið í land í Skákarey. Þar tóku á móti hópnum hjónin, Einar Karlsson, Pálína Þorvarðardóttir og Olga dóttir þeirra. Einar sagði frá staðháttum og umhverfi Skákareyjar. Að því loknu buðu gestgjafarnir upp á veitingar.

Frá Skákarey var lónað yfir Breiðasundið og Helgafellseyjar (Seley og Fagurey) skoðaðar frá sjó. Næst var gengið í land við Brandstanga í Hrappsey þar sem Bogi Jónsson tók á móti hópnum. Bogi lýsti staðháttum og bauð gestum upp á veitingar. Frá Hrappsey var lónað yfir Selasund og áfram með löndum í Purkey. Eftir að hafa skoðað stuðlabergið í Purkey var haldið áfram upp í Dímonasund og sigt inn með Klakkeyjum. Hluti af hópnum fór í land í Klakkeyjum og gekk upp á topp annars Klakksins.

Frá Klakkeyjum var sigt norður að Fremri Langey og gengið þar í land. Þar tóku á móti hópnum hjónin Eggert Kjartansson og Hólmfríður Gísladóttir. Vel var tekið á móti gestum og Eggert sagði frá staðháttum.

Frá Fremri Langey var sigt í blíðskaparveðri framhjá Arney og Bíldsey og fyrir Arneyjarsund og í átt að Stykkishólmi.

Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Péturs Ágústssonar frá Sæferðum. Skipstjóri í ferðinni var Tryggvi Gunnarsson og farkosturinn Siggi Þórðar GK 197.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Torfi Hjartarson, Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur o.fl.

#### **Fjármál nefndarinnar**

Farið var yfir fjárhagsstöðuna og lögð var fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar fram til áramóta 2010.

## **Eyjaþing Framfarafélags Flateyjar**

Framfarafélag Flateyjar sækir um styrk til nefndarinnar vegna eyjaþings sem haldið var þann 22. ágúst sl.

### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ætlað að veita styrk upp á 50.000 kr til Framfarafélagsins. Kolbrún formaður og Magnús sóttu þingið.

## **Umsókn um starfsleyfi fyrir Nesskel ehf**

Umhverfisstofnun lagði fram drög að starfsleyfi vegna umsóknar Nesskeljar ehf til kræklingaræktar og lirfusöfnunar í Hvammsfirði og Króksfirði.

### **Afgreiðsla**

Nefndarmenn fóru yfir drögin og munu senda Umhverfisstofnun umsögn.

## **Fornleifaskráning í Döllum**

Þorleifur sagði nefndarmönnum frá vettvangsvinnu í skráningu örnefna og minja í Dalabyggð sem hófst sumarið 2010. Með stjórn verkefnisins fór Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og undir hennar stjórn unnu Lóa Antonsdóttir fornleifafræðinemi og Sóley Valdimarsdóttir umhverfisskipulagsfræðingur að skráningu. Öll unnin gögn verða sett saman í skýrslu sem mun koma út á haustmánuðum 2010. Skýrslan verður tvískipt, fornleifaskráning og örnefnaskráning. Ekki er ljóst hve mikið verður hægt að skrá fyrr en fjárhagsstaða verkefnisins hefur verið gerð upp.

## **Bréf frá Jónínu Hafsteinsdóttur**

Jónína, sem hefur verið að vinna við að færa örnefni í gamla Múlahreppi inn á loftmyndir, mun láta af störfum snemma á næsta ári hjá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún býst ekki við að ráðinn verði starfsmaður í hennar stað sökum niðurskurðar og lýsir yfir áhyggjum sínum af framvindu verkefnisins. Jónína og stofnunin ætla að sækja um styrk úr þjóðhátíðarsjóði til þess að hægt verði að ráða nýjan starfsmann, sem mun halda áfram að færa inn örnefni í grunn Landmælinga Íslands.

## **Önnur mál**

**Fundi var slitið kl. 16:00. Næsti fundur verður haldinn 14. október.**

## **115. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11.nóvember 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður forfallaðist.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Kynnisferð á eldfjallasafnið í Stykkishólmi.**

Breiðafjarðarnefnd fór í kynnisferð á eldfjallasafnið. Sigurður R. Bjarnason tók á móti hópnum og fór yfir það helsta sem þar er að sjá.

### **Fundargerð 114. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Skýrsla frá Eyjabingi Framfarafélags Flateyjar**

Lögð var fram til kynningar skýrsla frá Eyjabingi sem Framfarafélagið stóð að þann 22. ágúst sl. í Flatey.

### **Heimsminjaskrá UNESCO**

Umhverfisráðuneytið óskar eftir að Breiðafjarðarnefnd kynni sér drög að umsókn um að Breiðafjörður komist á lista heimsminjaskrár UNESCO. Óskað er eftir ábendingum frá nefndinni sem geta nýst við að skilgreina og greina fyrir OUV(Outstanding universal value) Breiðafjarðar og rökstuðning að staðurinn eigi heima á heimsminjaskrá UNESCO.

### **Afgreiðsla:**

Bréfið var lagt fram til kynningar. Nefndarmenn fóru yfir meðfylgjandi gögn. Erindið verður lagt fyrir á næsta fundi.

### **Fjármál nefndarinnar**

Farið var yfir fjárhagsstöðuna og lögð var fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar fram til áramóta 2010.

### **Verndaráætlun**

Nefndarmenn ræddu hvernig best væri komið með áframhaldandi vinnu við verkefnið. Kolbrún ætlar að undirbúa ásamt Guðríði vinnuskjal verndaráætlunar til áframhaldandi útfærslu.

## Önnur mál

### Ársskýrsla SNS

Þorleifur lagði fram til kynningar ársskýrslu Samtaka náttúrustofa.

### Skráning örnefna og minja í Dalabyggð

Þorleifur sagði frá vinnu við skráningar á örnefnum og minjum í Dalabyggð. Vinnuskýrslu er að vænta fyrir næsta fund.

### Aldarafmæli örnefnasöfnunar á Íslandi

Í tilefni af aldarafmæli örnefnasöfnunar á Íslandi hélt Stofnun Árna Magnússonar málþing um örnefni 30. október sl. Hægt er að nálgast erindi sem flutt voru á málþinginu á heimasíðu stofnunarinnar, [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is).

**Fundi var slitið kl. 14:35. Næsti fundur verður haldinn 9. desember.**

**116. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. desember 2010 í Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ.**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 13:00.

**Fundargerð 115. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Örnefnaskráning í Dalabyggð**

Þorleifur lagði fram drög að skýrslu yfir þá vinnu sem fram hefur farið við fornleifa- og örnefnaskráningar í Dalabyggð. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þann árangur sem náðst hefur á árinu og telja mikilvægt að haldið verði áfram vinnu við verkefnið.

**Samantekt starfshóps um verndun Breiðafjarðar**

Guðríður kynnti samantektina og fóru fram ítarlegar umræður um tillögur starfshópsins sem fram koma í samantektinni.

**Afgreiðsla:**

Nefndarmenn gera athugasemdir við einsleita skipan starfshópsins þar sem hvorki fulltrúi sveitarfélaga á svæðinu né fulltrúi menningarminja átti sæti í starfshópnum. Nefndarmenn ætla að kynna sér samantektina og fara efnislega yfir hana á næsta fundi nefndarinnar.

**Fjármál nefndarinnar**

Farið var yfir fjárhagsstöðuna. Ákveðið var að gera áframhaldandi samning við Náttúrustofu Vestfjarða um skráningu fornleifa- og örnefna í Dalabyggð. Áhersla verður lögð á örnefnaskráningu.

**Heimsminjaskrá UNESCO**

Umhverfisráðuneytið óskar eftir að Breiðafjarðarnefnd kynni sér drög að umsókn um að Breiðafjörður komist á lista heimsminjaskrár UNESCO. Óskað er eftir ábendingum frá nefndinni sem geta nýst við að skilgreina og greina fyrir OUV(Outstanding universal value) Breiðafjarðar og rökstuðning að staðurinn eigi heima á heimsminjaskrá UNESCO.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd fór yfir drögin að umsókninni. Send verður samantekt á texta bæði á íslensku og ensku um náttúru, dýralíf og sögu Breiðafjarðar.

## Önnur mál

### **Bréf frá Jónínu Hafsteinsdóttur.**

Örnefnasafn – nafnfræðisvið stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk úthlutað 400 þúsund króna styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til að færa örnefni af myndum úr Múlahreppi inn í grunn Landmælinga Íslands.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur verður haldinn þann 20. janúar 2011 í Stykkishólmi.**

## **VIÐAUKI – II**

### ***Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2010***

#### ***Innsend erindi 2010***

11. febrúar 2010. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps í Bjarkalundi og Flatey

16. febrúar 2010. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey í Gilsfirði.

19. febrúar 2010. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Efni: Umsókn um starfsleyfi vegna kræklingaeldis fyrir Íslenska gæða bláskel ehf ásamt greinargerð.

15. mars 2010. Landmælingar Íslands.

Efni: Örnefni og uppdrættir af Breiðafirði

28. mars 2010. Haflidi Viðar Ólafsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir.

Efni: Umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey í Gilsfirði.

8. apríl 2010. Sævar Reynisson, Íslensk gæða bláskel ehf.

Efni: Viðbótarupplýsingar við greinargerð um starfsleyfisumsókn Íslenskrar gæða bláskeljar ehf.

8. apríl 2010. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.

9. apríl 2010. Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Efni: Reglugerð um skilti í Stykkishólmsbæ.

14. apríl 2010. Grímur Atlason, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði.

16. apríl 2010. Stykkishólmsbær.

Efni: Umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.

17. apríl 2010. Reykhólahreppur.

Efni: Afgreiðsla Skipulags- og byggingarnefndar á umsókn um uppsetningu skiltis í Flatey.

5. maí 2010. Vesturbyggð.

Efni: Umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.

18. maí 2010. Bogi Kristinsson Magnussen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Framkvæmdir í Karlsey Reykhólahreppi

21. maí 2010. Vegagerðin.

Efni: Vestfjarðavegur(60) Eiði-Þverá – kynning á drögum að tillögu að matsáætlun.

22. júní 2010. Umhverfisstofnun.

Efni: Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir Nesskel ehf.

15. júlí 2010. Ingveldur Eyþórðóttir, Framfarafélag Flateyjar.

Efni: Eyjaþing Framfarafélags Flateyjar.

25. ágúst 2010. Jónína Hafsteinsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Efni: Örnefni í Múlahreppi.

8. september 2010. Þorleifur Eiríksson, Náttúrustofu Vestfjarða.

Efni: Minnisblað vegna fornleifa- og örnefnaskráningar í Dalabyggð.

8. september 2010. Umhverfisstofnun.

Efni: Tillaga að starfsleyfi fyrir Nesskel ehf. með breytingum.

27. september 2010. Umhverfisstofnun.

Efni: Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Nesskel ehf.

25. október 2010. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Efni: 100 ára afmæli örnefnasöfnunar á Íslandi.

26. október 2010. Heimir Sigurðsson, formaður Framfarafélags Flateyjar.

Efni: Skýrsla frá Eyjaþingi.

11. nóvember 2010. Umhverfisráðuneytið.

Efni: Breiðafjörður og heimsminjaskrá UNESCO.

## **Útsend erindi 2010**

*15. janúar 2010.* Umhverfisráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu 2009.

*15. febrúar 2010.* Fjársýsla ríkisins

Efni: Fjárframlög til Náttúrustofu Vestfjarða vegna áframhaldandi vinnu við skráningu örnefna og fornleifa í Dalabyggð

*16. mars 2010.* Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Efni: Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir kræklingaeldi Íslenskrar gæða bláskeljar ehf.

*18. mars 2010.* Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Tillaga á breytingum á aðalskipulagi Reykólahrepps í Bjarkalundi og Flatey.

*18. mars 2010.* Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegn byggingarleyfis í Garpsdalsey í Gilsfirði.

*19. mars 2010.* Stykkishólmssbær

Efni: Umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.

*19. mars 2010.* Reykhólahreppur

Efni: Umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.

*19. mars 2010.* Vesturbyggð

Efni: Umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.

*26. apríl 2010.* Grímur Atlason, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði.

*26. apríl 2010.* Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna deiliskipulags í Flatey.

*28. apríl 2010.* Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Efni: Viðbótarupplýsingar frá Íslenskri gæða bláskel vegna umsóknar um kræklingaeldi við Langeyjarlönd í mynni Hvammsfjarðar.

*4. júní 2010.* Vegagerðin

Efni: Vestfjarðavegur(60) Eiði-Þverá – kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

*4. júní 2010.* Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.  
Efni: Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Karlsey á Reykhólum.

*21. september 2010.* Umhverfisstofnun.  
Efni: Umsögn vegna starfsleyfis Nesskeljar ehf.

*9. desember 2010.* Umhverfisráðuneytið.  
Efni: Breiðafjörður á Heimsminjaskrá UNESCO.

## ***Skýrslur og bæklingar***

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson

1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004.

Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eyþórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjörðís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarminjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>